

Ed.

725. Breytingartillögur

[245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, EgJ, JK, VI).

1. Við 3. gr.

a. Í stað „884 000“ komi: 1 036 000.

b. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 82 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1985.

2. Við 6. gr. bætist nýr tl. er verði 6. tl. og orðist svo:

Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1985 að fjárhæð 7 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

3. Við 9. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, sem Framkvæmdasjóður tekur og endurlánar skv. 7. gr. vegna þróunarfélags til nýsköpunar í atvinnulífi á árinu 1985, að fjárhæð 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. Á eftir 26. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985. Ráðherra er heimilt að ákveða nánar framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð.